

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við vinstri beygju af Hamrahlíð norður Kringlumýrarbraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 30. ágúst 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. júlí 1989.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Opna miðeyju Hringbrautar við Birkimel en jafnframt verði bannaðar vinstri beygjur af Birkimel vestur Hringbraut og vinstri beygja bönnuð við Birkimel þegar ekið er austur Hringbraut.
2. Loka miðeyju Hringbrautar við Furumel.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar nauðsynlegum gatnagerðarframkvæmdum hefur verið lokið.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. júlí 1989.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar Getspár,
nr. 410 16. ágúst 1988.**

1. gr.

9. tl. 2. gr. orðist svo:

Verð fyrir hvern leik (röð) er kr. 35 og er aðeins unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar Getspár.

2. gr.

4. málsliður 11. tl. 2. gr. orðist svo:

Verð fyrir þátttöku samkvæmt kerfi er kr. 210 fyrir 6 tölur, kr. 735 fyrir 7 tölur, kr. 1960 fyrir 8 tölur, kr. 4.410 fyrir 9 tölur og kr. 8.820 fyrir 10 tölur.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 28. ágúst 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1989.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.